


EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4
Starfsemi ársins 2001	7
Ársreikningur 2001	13
Áritun og skýrsla stjórnar	13
Áritun endurskoðenda	14
Rekstrarreikningur	15
Efnahagsreikningur 31. desember 2001	16
Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2001	18
Skýringar	19
Address by the Chairman of the board	24
Operations 2001	27
Annual Report 2001	31
Auditors' Report	31
Endorsement of the Board of Directors	32
Profit and Loss Account for the Year 2001	33
Balance Sheet Desember 31st 2001	34
Cash Flows Statement	36
Notes	37





ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Gísli Guðmundsson, stjórnarformaður

4 5

og afkomu fyrirtækja.

Félagið eins og önnur ferðapjónustufyrirtæki hefur þurft að glíma við vandamál sem skotið hafa upp kollinum vegna farþegafækkunar í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum 11. september s.l. Farþegum í flugstöðinni fækkaði síðustu fjóra mánuði ársins 2001 um 18% miðað við sama tímabil árið 2000. Mest var fækkunin í skiptifarþegum eða um 32% miðað við sama tímabil árið 2000. Fækkun farþega sem komu og fóru frá landinu var mun minni, eða um 13%. Árið 2001 er fyrsta árið síðan 1988, sem fækkun er á farþegum milli ára. Brugðist var við samdrættinum með frekara aðhaldi í starfsmannahaldi og dregið úr kostnaði við ýmsan rekstur flugstöðvarinnar, bæði á fasteigna- og verslunar-sviði. Málefni leigutaka hafa verið leyst eftir föngum.

Flugleiðir hf eru með um og yfir 80% af heildarfjölda þeirra sem leið eiga um flugstöðina. Félagið greip til þess ráðs að draga umtalsvert saman

Árið 2001 var fyrsta heila rekstrarárar Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. Árið var sértakt í efnahagslegu tilliti. Nokkur umskipti urðu frá þeirri þróun sem einkennt hefur mörg undanfarin ár. Sérstaklega hefur verðlags- og gengisþróun sett mark sitt á efnahagslífið

í starfseminni. Ferðum vestur um haf var fækkað verulega yfir veturinn og ferðum til Evrópu hefur einnig fækkað. Rekstrarstaða Flugleiða hf veldur þungum áhyggjum. Allur samdráttur í ferðatíðni hefur afgerandi áhrif á stöðu Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf og þeirra aðila sem veita þjónustu í flugstöðinni. Á móti kemur að í kjölfar lækkunar íslensku krónunnar er að öðru óbreyttu ódýrara fyrir erlenda ferðamenn að dvelja á Íslandi. Horfur eru á að aukning verði á þessu ári í komu erlendra ferðamanna til landsins, sérstaklega frá Evrópu. Markaðskynning erlendis hefur verið eflað bæði vestan hafs og austan til að ýta undir ferðamannastraum til landsins. Átakið er þegar farið að skila árangri í aukningu ferðamanna og eru nokkuð góðar horfur fyrir næstu misseri hvað það varðar.

Til þess að efla kynningu á landi og þjóð tók stjórn FLE hf á síðasta ári ákvörðun um að taka þátt í metnaðarfullu markaðsstarfi í Bandaríkjunum undir merkjum „Iceland Naturally“. Kynningin hefur þegar vakið mikla athygli og lofar góðu um framhaldið.

Verðlagsþróun, gengismál og fækkun farþega þegar leið á árið setti verulegt mark á rekstur félagsins á síðasta ári. Þrátt fyrir þetta minnkuðu verslunartekjur ekki milli ára. Hækkun varð á fasteignatekjum og hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði jókst frá árinu á undan og var um 1307 milljónir króna árið 2001, en um 1278 milljónir árið 2000.

Suðurbýgging flugstöðvarinnar var tekin í notkun 25. mars 2001, sama dag og Schengen vegabréfasamstarfið gekk í gildi. Í tilefni dagsins og með það að markmiði að efla öryggiseftirlit í flugstöðinni gáfu Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf og Flugmálastjórn á





Keflavíkurflugvelli sérstakan tölvubúnað til Sýslumannsembættisins á Keflavíkurflugvelli. Búnaðurinn nefnist Face-it og auðveldar yfirvöldum að bera kennsl á eftirlýsta aðila sem fara um flugstöðina. Þegar Suðurbygging var tekin í notkun í mars var byggingarframkvæmdum hvergi lokið. Aðstæður voru því erfiðar fyrstu mánuðina bæði fyrir farþega og starfsmenn. Með góðri samvinnu rekstraraðila og velvilja tókst að viðhalda þokkalegu þjónustustigi meðan á framkvæmdum stóð. Sameiginleg rými og svæði fyrir farþegaafgreiðslu voru fullkláruð á haustmánuðum. Næstu skref eru að ganga endanlega frá útleigusvæðum fyrir verslunar- og veitingarekstur í Suðurbyggingu.

Ráðist var í stækkun á innritunarsal Flugstöðvarinnar í febrúar 2001. Fimm ný afgangsbúnaðir voru tekin í notkun í maí. Keyptur var fjölnotatölvubúnaður til innritunar á farþegum sem gerir rekstraleyfisaðilum kleift að samnýta búnaðinn.

Alls hélt stjórnin 16 fundi á árinu 2001. Frá síðasta aðalfundi sem haldinn var 7. júní 2001 hefur stjórnin haldið 11 fundi. Stjórn félagsins og framkvæmdaráð fjölluðu um hlutverk og aðalmarkmið félagsins á sérstökum fundi sem haldinn var á Flúðum þann 23. og 24. nóvember síðastliðinn. Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf er skilgreind sem ferðaþjónustufyrirtæki. Hlutverk þess er að greiða götu flugfarþega með því að tryggja öryggi, vellíðan og veita framúrskarandi þjónustu á Keflavíkurflugvelli. Markmið félagsins er að vera leiðandi afl í þróun og uppbyggingu flugvallarins, vinna í sátt við umhverfið og skila þeirri arðsemi sem nauðsynleg er fyrir viðgang fyrirtækisins. Lögð verður áhersla á þessa þætti í starfsemi félagsins á næstu misserum og árum.

Tillögur frá ráðgjöfum BAA um framtíðarþróun mannvirkja félagsins eru væntanlegar á næstunni. Tillögurnar munu auðvelda verulega forgangsröðun framkvæmda. Frekari uppbygging mannvirkja og efling þjónustu við farþega verða eitt af stærstu verkefnum stjórnar á næstu misserum. Flestir samningar við ýmsa

Farþegafjöldi sept.–des. 1999–2001





rekstraraðila renna út í lok þessa árs. Ljóst er að stjórn félagsins mun leggja áherslu á að nýjum aðilum verði gert kleift að koma sínum hugmyndum á framfæri áður en gengið verður til samninga um útleigu á þjónustusvæðum.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf er ungt félag í örur vexti. Þó svo að verulegir erfiðleikar steðjuðu að á fyrsta heila starfsári félagsins vegna ytri aðstæðna, erfiðrar gengisþróunar og fækkunar farþega, tókst að halda í horfinu og gott betur. Verslunartekjur minnkuðu ekki, hækkun varð á fasteignatekjum og hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði jókst. Ný og stórglæsileg viðbót við flugstöðina, Suðurbygging, var tekin í notkun á árinu. Með henni er unnt að taka við mun fleiri farþegum í framtíð, tryggja öryggi og bæta þjónustu. Fleiri innritunarborð, aukið markaðsstarf og stærri þjónustusvæði veita aukið svigrúm til athafna. Þá munu væntanlegar tillögur um framtíðaruppbyggingu Flugstöðvarinnar gera félaginu betur kleift en ella að forgangsraða framkvæmdum með tilliti til arðsemi og þjónustu við farþega.

Stjórn félagsins þakkar viðskiptavinum fyrir góð samskipti á árinu og öllum starfsmönnum fyrir þeirra mikilvæga framlag. Einnig eiga þeir fjölmörgu gestir sem leið áttu um flugstöðina þakkir skildar fyrir ánægjuleg viðskipti.


Í stjórn félagsins á aðalfundi 7. júní 2001 voru eftirtaldir kosnir:

Gísli Guðmundsson, forstjóri
Stefán Þórarinnsson, framkvæmdastjóri
Haraldur Johannessen, hagfræðingur
Helga Sigrún Harðardóttir, atvinnuráðgjafi
Sigurður Garðarsson, verkfræðingur

Í varastjórn voru kosin:

Eysteinn Jónsson, rekstrarverkfræðingur
Skarphéðinn Berg Steinarsson, viðskiptafræðingur

Endurskoðandi var kjörinn Ríkisendurskoðun og í umboði hennar annast endurskoðunarfyriretakið Deloitte & Touche endurskoðun félagsins.



STARFSEMI ÁRSINS 2001

Rekstur og afkoma árið 2001

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf. tók til starfa 1. október árið 2000, því er síðasta ár fyrsta heila rekstrarár félagsins. Þar af leiðandi eru samanturðartölur vegna ársins 2000 myndaðar af þriggja mánaða uppgjöri, þ.e. frá 1. október til 31. desember 2000.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði var 1.307 milljónir króna árið 2001 eða um 30,6% af heildartekjum félagsins. Allt árið 2000 var rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsliði 1.278 milljónir, eða 28,8% af heildartekjum félagsins.

Veltufé frá rekstri nam 889 milljónum króna. Vörubirgðir lækkuðu um 113 milljónir, skammtímakröfur lækkuðu um 84 milljónir og skammtímaskuldir hækkuðu um 80 milljónir. Handbært fé frá rekstri varð því 1.167 milljónir króna.

Rekstrartekjur FLE hf. námu 4.261 milljón króna og drógust saman um 3,8% frá árinu 2000. Árið 2000 fékk FLE hf. hlutdeild af flugvallaskatti og lendingagjöldum, en hún féll niður við stofnun félagsins. Tekjur vegna þessa námu um 200

milljónum króna árið 2000. Verslunartekjur á síðasta ári námu 3.642 milljónum króna og leigutekjur 602 milljónum króna. Verslunartekjur stóðu í stað milli ára, en 8,5% aukning varð á fasteignatekjum.




*Höskuldur Ásgeirsson,
framkvæmdastjóri.*


Rekstrargjöld án afskrifta og fjármagnsliða námu 2.954 milljónum króna, sem er um 6,4% samdráttur frá árinu 2000. Hlutfall vörunotkunar af sölu er 60,5% samanborið við 63,9% á árinu 2000. Laun og tengd gjöld námu 462 milljónum eða 10,8% af heildartekjum, samanborið við 11,3% árið 2000. Annar rekstrarkostnaður nam 289 milljónum eða 6,8% af heildartekjum, samanborið við 7,3% árið 2000.

Fjármagnsliðir námu um 1.076 milljónum króna.

EBITDA 1999–2001



Handbært fé frá rekstri 1999–2001





Gengistap vegna skuldbindinga félagsins í erlendum myntum nam 1.231 milljón króna. Veiking krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar skýrir að verulegu leyti hvað fjármagnsgjöld hafa hækkað milli ára, en veikingin krónunnar nam um 21,8% á árinu.

Tap á rekstri félagsins eftir skatta var 272 milljónir króna á árinu 2001. Reiknaður tekjuskattur er jákvæður um 79 milljónir en reiknaður eignarskattur er um 11 milljónir.

Efnahagur

Heildareignir FLE hf. eru bókfærðar á 12.512 milljónir króna í árslok 2001, nýfjárfestingar námu um 1.379 milljónum á árinu. Skuldir fyrirtækisins námu 9.109 milljónum króna í árslok og hafa aukist um 1.191 milljónir á árinu. Skuldaaukningin er öll tilkomin vegna veikingar krónunnar gagnvart bandaríkjadollar. Engin ný langtímalán voru tekin á árinu. Eiginfjárhlutfall var 27,2% í lok ársins 2001 en var 30% í upphafi árs.

Fjárfestingar námu 1.379 milljónum á síðasta ári. Nýframkvæmdir við fasteignir félagsins voru um 1.003 milljónir, og ber þar hæst frágangur á


suðurbyggingunni. Fjárfestingar í innréttingum og búnaði voru um 290 milljónir og 86 milljónir vegna viðbóta við landgöngubrýr á suðurbyggingu. Engin ný lán voru tekin vegna fjárfestinga ársins 2001 heldur voru þær alfarið fjármagnaðar úr rekstri.

Helstu verkefni ársins 2001


Árið 2001 var viðburðaríkt á mörgum sviðum í stafsemi Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. Gengið var frá nýju skipuriti í upphafi síðasta árs og starfsemi félagsins breytt verulega frá því sem hún var í þeim tveimur ríkisstofnunum sem félagið tók við af. Þrír nýir forstöðustöðumenn voru ráðnir til félagsins og öll yfirstjórnun og skrifstofuhald sameinað. Samhliða þessu voru gerðar breytingar á ábyrgðarsviðum og verkferlum, aðalega í innkaupum og í almennu skrifstofuhaldi. Farið var í ýmiss hagræðingarverkefni s.s. samhæfingu innkaupa, fækkun á vörunúmerum og minnkun birgða. Ýmsir samningar við birgja voru endurskoðir með það að markmiði að lækka kostnað og styrkja sambandið við lykilaðila sem veita félaginu þjónustu.

Aukin áhersla er lögð á sölu- og markaðsstarf bæði fyrir Flugstöðina sem heild og einnig fyrir þann

Tekjur 1999–2001



Fjárfestingar 1999–2001





rekstur sem félagið ber ábyrgð á. Markmið með því er að nálgast betur viðskiptavinina og þarfir þeirra bæði innanlands og erlendis.

Unnið var að endurfjármögnun langtímalána félagsins sem um síðustu áramót námu alls um 8.7 milljörðum króna. Ráðgjöf og efnahagsspá hf var fengin til þess að undirbúa endurfjármögnunina og koma með tillögur að fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins. Ákveðið var að endurfjármagna lán að upphæð 22 milljónir US \$ með nýju láni í evrum. Gengið var frá samningi við Norræna fjárfestingarbankann þar um. Lánið er til 15 ára með sjálfskuldarábyrgð ríkissjóðs. Önnur langtímalán verða endurfjármögnuð á gjalddaga þeirra.

Nýtt skipulag framkvæmda við flugstöðina tók gildi á árinu þegar verkskil voru á byggingarframkvæmdum við Suðurbyggingu af hálfu Framkvæmdasýslu ríkisins. Öll verkefnisstjórnun sem áður var í höndum Framkvæmdasýslu ríkisins færðist yfir til FLE hf. Sérstök verkefnisstjórn var skipuð af stjórn félagsins sem hefur það megin hlutverk að fara með yfirstjórn byggingarframkvæmda og eftirlit með þeim.

Fasteignamat ríkisins gaf út nýtt fasteignamat á norðurbyggingu Flugstöðvarinnar í júlí s.l. Álagningarstofninn hækkaði um 44% á forsendum sem félagið gat engan veginn sætt sig við. Því var ákveðið að kæra matið til yfirfasteignamatsnefndar. Von er á niðurstöðu um mitt þetta ár. Fasteignamat ríkisins gaf einnig út bráðabirgðamat á suðurbyggingu Flugstöðvarinnar. Að teknu tilliti til þess er álagður fasteignaskattur vegna mannvirkja félagsins um 97 milljónir króna fyrir árið 2002 sem rennur til Sandgerðisbæjar. Félagið





hefur gert verulegar athugasemdir við þessa skattheimtu þar sem engin þjónusta er innt af hendi að hálfu sveitarfélagsins. Sandgerðisbær fer ekki með byggingar- og skipulagsmál á flugstöðvarsvæðinu heldur eru þau mál á borði skipulags-, byggingar-, og umhverfisnefndar varnarsvæða.

Ágreiningur hefur verið við Sandgerðisbæ vegna oftekinna fasteingaskatta frá fyrri tíð. Eftir árangurslausar viðræður við Sandgerðisbæ var ákveðið að stefna sveitarfélaginu vegna oftekinna fasteingaskatta frá 1998 til 2000, alls 39,2 milljónir króna auk vaxta. Málið er nú til meðferðar hjá Héraðsdómi Reykjaness.

Framtíðaruppbygging


Flest sameiginleg rými og svæði eru nú frágengin í suðurbyggingu. Á næstu mánuðum verður gengið frá útleigusvæðum fyrir verslunar- og veitingarekstur ásamt annarri þjónustu við farþega. Félagið mun opna tvær nýjar fríhafnarverslanir í suðurbyggingu nú í vor, innan og utan Schengen svæðisins. Stefnt er að því að búið verði að leigja öll útleigusvæði um næstu áramót.

Flestir leigusamningar um verslun, veitingar og ýmsa aðra þjónustu renna út í lok þessa árs. Núverandi leigutökum ásamt nýjum aðilum verður gert kleift að koma nýjum hugmyndum á framfæri varðandi verslun, veitingar og aðra þjónustu sem rétt er að bjóða farþegum upp á. Stefnt er að því að forvalsaðferð verði að jafnaði beitt við val á væntanlegum leigutökum. Markmiðið með þessu er að gera flugstöðina að eftirsóknarverðara svæði til að dvelja á. Boðið verði upp á sérhæft vöruúrval og fjölbreyttar veitingar með það að leiðarljósi að bæta þjónustu við farþega og auka afrakstur fríverslunarsvæðisins.

Á síðasta ári var ákveðið að ráðast í mjög umfangsmikið verkefni varðandi framtíðarþróun mannvirkja félagsins og landnýtingaráform. Samið var við breska fyrirtækið BAA um verkið sem hefur mikla reynslu á þessu sviði. Mælingar hafa verið gerðar á öllum helstu rekstrarþáttum flugstöðvarinnar og þjónustu við farþega. Afkastageta flugstöðvarinnar hefur verið metin. Niðurstaðan er að stærð og umfang flugstöðvarinnar ræðst af hámarksfjölda farþega á mestu álagstímum, en ekki af fjölda farþega á ári.

Hluti af ráðgjöf BAA er að gera spá um þróun farþegafjölda næstu 25 árin. Tilgangurinn með spánni er að fá vísbendingar sem hægt er að nota til viðmiðunar við mat á framtíðarþörf á uppbyggingu mannvirkja félagsins. Spá BAA er byggð á upplýsingum úr flugupplýsingarkerfi Keflavíkurflugvallar auk upplýsinga frá ýmsum aðilum sem tengjast ferðamálum og efnahagsstjórn. Í spá BAA hefur hagvöxtur á Íslandi, markaðsókn og vinsældir Íslands sem ferðamannalands mest áhrif. Í spánni er gert ráð fyrir að heildarfarþegafjöldi verði kominn í 2.8 milljónir farþega árið 2015 og 4.4 milljónir árið 2025.

Ljóst er af þeim drögum BAA sem lögð hafa verið fram að Flugstöðin þarf að ráðast í mjög miklar fjárfestingar á næstu árum, ef spáin gengur eftir, og að dreifing farþega verði óbreytt innan dagsins.




Langflestir farþegar fara um flugstöðina milli 6 og 8 á morgnana og 3 og 5 síðdegis. Þess utan er lítið um farþega í flugstöðinni. Með jafnari dreifingu væri hægt að fresta fjárfestingum og lækka kostnað á hvern farþega sem fer í gegn. Endalegar tillögur frá BAA verða lagðar fram nú síðla vetrar. Þær munu gera félaginu kleift að forgangsraða verkefnum við uppbyggingu mannvirkja og landnýtingu.


Unnið er að ýmsum verkefnum sem lokið verður við á þessu ári, s.s að hagræðingu í verslunarrekstri sem breska fyrirtækið World Duty Free hefur annast. Unnið er að hönnun á sprengiuleitarkerfi fyrir allan farangur sem innritaður er í flugstöðinni. Kerfið verður tekið í notkun í lok þessa árs og er samkvæmt reglum ECAC. Samið var við danska fyrirtækið CPH um hönnun og eftirlit með verkinu. Öll þessi uppbygging mun væntanlega gera flugstöðinni kleift að bjóða farþegum betri þjónustu og öruggara umhverfi.

Farþegafækkunin í kjölfar hryðjuverkanna í Bandaríkjunum hefur komið illa við fyrirtækið eins og aðra aðila sem starfa í ferðapjónustu. Það er mat félagsins að þetta ástand verði skammvinnnt. Ýmis teikn eru þegar á lofti um að farþegum til og frá Íslandi muni fjölga á komandi misserum. Félagið er fullvisst um að rekstur í og við Flugstöðina eigi eftir að blómgastr í nánustu framtíð og mun leggja sig fram um að svo verði.

Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf er eins og hverju öðru fyrirtæki nauðsynlegt og hollt að endurmeta stöðuna reglulega. Að skoða umhverfið og kröfur markaðarins og hvernig þær breytast. Við lífum í þjóðfélagi þar sem breytingar eru örari en nokkru sinni fyrr. Þær geta haft mikil áhrif á hið ytra umhverfi og hvernig fyrirtæki eins og FLE hf vegnar í framtíðinni. Breytingar geta falið í sér hvort tveggja í senn, tækifæri eða ógnanir, og kalla á ákvarðanir um viðbrögð. Félagið hefur þegar sett af stað vinnu að endurmeta stöðu sína, skilgreina hlutverk, meginmarkmið og framtíðarsýn. Meginverkefni félagsins er að ryðja nýjar brautir til framfara og hagsældar fyrir fyrirtækið og þá fjölmörgu sem leið eiga um anddyri Íslands.

Áætlaður farþegafjöldi 2001–2025





Vestlingar
Cafeteria
Fríhöfnn
Duty Free Store



Báðsveði
Waiting Area
Íslandica
The Spirit of Iceland



15:26

Íslandica
Kafé
Fríhöfnn



15:26



ÁRSREIKNINGUR 2001

Áritun og skýrsla stjórnar

Að álitum stjórnar og framkvæmdastjóra Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Heildartekjur félagsins á tímabilinu námu 4.260,7 milljónum króna en rekstrargjöld voru 2.953,7 milljónir króna. Afskriftir varanlegra rekstarfjármuna voru 1.306,9 milljónir og rekstarhagnaður félagsins er því 735,7 milljónir króna fyrir fjármagnskostnað og skatta. Tap af rekstri félagsins var rúmar 272 milljónir króna og er eigið fé félagsins í árslok um 3.403,7 milljónir króna sem er um 27% af heildarfjármagni þess. Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa en vísar að öðru leyti í ársreikninginn um breytingar á eigin fé félagsins og ráðstöfun hagnaðar.

Í lok ársins var einn hluthafi að félaginu, Ríkissjóður Íslands.

Fjárfestingar félagsins á árinu námu 1.380 milljónum króna að langstærstum hluta vegna stækkunar flugstöðvarinnar og skuldbindingar Íslands vegna Schengen samstarfsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2001 með undirritun sinni.

Keflavíkurflugvelli, 12. mars 2001

Í stjórn:

Gísli Guðmundsson
stjórnarformaður

Stefán Þórarinnsson

Helga Sigrún Harðardóttir

Haraldur Johannessen

Sigurður Garðarsson

Framkvæmdastjóri
Höskuldur Ásgeirsson



ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Til stjórnar og hluthafa í Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.

Við höfum, í umboði Ríkisendurskoðunar, endurskoðað ársreikning Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar hf. fyrir árið 2001. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2001, efnahag þess 31. desember 2001, og breytingu á handbæru fé á árinu 2001, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 12. mars 2002

Deloitte & Touche hf.

Ingi R. Jóhannsson
endurskoðandi

Páll Steingrímsson
endurskoðandi



REKSTRARREIKNINGUR 2001

		2001	2000
		Árið	1/10 - 31/12
	Skýr.		
Rekstrartekjur			
Seldar vörur og þjónusta		3.641.557.386	963.652.974
Aðrar rekstrartekjur	18	619.105.869	181.245.050
		<u>4.260.663.254</u>	<u>1.144.898.024</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldra vara		2.202.817.908	618.765.915
Laun og tengd gjöld	19	462.105.015	102.555.016
Húsnæðiskostnaður		225.071.287	46.019.614
Annar rekstrarkostnaður		24.974.983	16.517.865
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		38.747.409	7.008.869
		<u>2.953.716.603</u>	<u>790.867.279</u>
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir		1.306.946.652	354.030.745
Afskriftir	5	(571.217.987)	(116.995.853)
Rekstrarhagnaður		735.728.665	237.034.892
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals	20	(1.076.148.082)	(120.440.273)
(Tap) hagnaður fyrir skatta		(340.419.418)	116.594.619
Tekju- og eignarskattur			
Tekjuskattur		79.132.688	(43.544.810)
Eignarskattur	4	(10.784.114)	0
(Tap) hagnaður		<u>(272.070.844)</u>	<u>73.049.809</u>



EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir	Skýr.	31.12.2001	31.12.2000
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	3		
Viðskiptavild		3.369.517.544	3.456.973.684
Frestuð skatteign	4	35.587.878	0
		<u>3.405.105.422</u>	<u>3.456.973.684</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir	5,6		
Fasteignir, lóðir og fasteignaréttindi		6.319.205.229	4.963.327.107
Landgöngubrýr		231.137.748	149.062.778
Bílastæði		295.608.024	289.104.967
Innréttingar, búnaður og bifreiðir		461.992.494	176.370.946
		<u>7.307.943.495</u>	<u>5.577.865.798</u>
Fastafjármunir		<u>10.713.048.917</u>	<u>9.034.839.482</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	7		
Vörur til endursölu		230.641.171	344.057.540
		<u>230.641.171</u>	<u>344.057.540</u>
Skammtímakröfur	8		
Viðskiptakröfur		300.811.054	389.132.686
Framkvæmdasýsla ríkisins		0	56.958.682
Aðrar skammtímakröfur		37.640.491	33.868.283
Fyrirframgreiddur kostnaður		5.333.129	5.118.659
		<u>343.784.674</u>	<u>485.078.310</u>
Handbært fé			
Bankainnstæður		1.224.959.675	1.448.660.861
		<u>1.224.959.675</u>	<u>1.448.660.861</u>
Veltufjármunir		<u>1.799.385.519</u>	<u>2.277.796.711</u>
Eignir		<u>12.512.434.436</u>	<u>11.312.636.193</u>



31. DESEMBER 2001

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	31.12.2001	31.12.2000
Eigið fé	9,10		
Hlutafé		2.500.000.000	2.500.000.000
Endurmatsreikningur		324.048.000	42.957.464
Lögbundinn varasjóður		11.853.923	11.853.923
Óráðstafað eigið fé		567.757.305	839.828.149
Eigið fé		<u>3.403.659.228</u>	<u>3.394.639.536</u>
Skuldir			
Skuldbindingar	11		
Lífeyrisskuldbinding		0	509.034.090
Tekjuskattsskuldbinding		0	43.544.810
		<u>0</u>	<u>552.578.900</u>
Langtímaskuldir	13,14		
Skuldabréfalán		6.425.400.211	4.418.753.270
		<u>6.425.400.211</u>	<u>4.418.753.270</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		90.492.751	24.546.263
Næsta árs afborganir langtímaskulda		2.289.592.699	2.633.146.439
Reiknaðir skattar ársins		10.784.114	0
Aðrar skammtímaskuldir		292.505.433	288.971.785
		<u>2.683.374.997</u>	<u>2.946.664.487</u>
Skuldir		<u>9.108.775.208</u>	<u>7.917.996.657</u>
Eigið fé og skuldir		<u>12.512.434.436</u>	<u>11.312.636.193</u>



YFIRLIT UM SJÓÐSTREYMI ÁRSINS 2001

Skýr.	2001 Árið	2000 1/10 - 31/12
Rekstrarhreyfingar		
(Tap) hagnaður ársins	(272.070.844)	73.049.809
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	571.217.987	116.995.853
Verðbreytingafærsla	(552.924.028)	(59.393.940)
Verðbætur og gengismunur langtímaskulda	1.222.021.689	111.340.432
Aðrir liðir	(439.027)	55.144.178
Tekjuskattsskuldbinding	(79.132.688)	43.544.810
Veltufé frá rekstri	888.673.089	340.681.142
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:		
Vörubirgðir, lækkun	113.416.369	46.159.780
Skammtímakröfur, lækkun	84.334.954	34.166.788
Skammtímaskuldir, hækkun	80.264.250	(50.109.263)
Handbært fé frá rekstri	1.166.688.662	370.898.447
Fjárfestingarhreyfingar		
Keyptir fastafjármunir	(1.372.152.386)	(1.514.476.941)
Seldir varanlegir rekstrarfjármunir	0	1.000.000
Fjárfestingarhreyfingar	(1.372.152.386)	(1.513.476.941)
Fjármögnunarhreyfingar		
Nýjar langtímaskuldir	0	521.220.198
Afborganir langtímaskulda	(18.237.462)	(17.060.356)
Fjármögnunarhreyfingar	(18.237.462)	504.159.842
Hækkun (lækkun) handbærs fjár	(223.701.186)	(638.418.652)
Handbært fé í upphafi árs	1.448.660.861	2.087.079.513
Handbært fé í lok árs	1.224.959.675	1.448.660.861



SKÝRINGAR

Starfsemin

1. Hlutafélagið Flugstöð Leifs Eiríkssonar var stofnað í september 2000 og tók við rekstri Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og Fríhafnarinnar á Keflavíkurlflugvelli þann 1. október 2000. Félagið starfar eftir samnefndum lögum nr. 67/2000 og heimili þess og varnarþing er á Keflavíkurlflugvelli. Félaginu ber í allri starfsemi sinni að virða og standa við þær skuldbindingar á starfssviði og starfssvæði Flugstöðvarinnar sem íslenska ríkið undirgengst og varða Flugstöðina og starfsemi þá sem félagið yfirtekur. Utanríkisráðherra veitti þann 1. nóvember 2000 félaginu leyfi til reksturs flugstöðvarinnar og gildir það til 31. desember 2010 en skal þó tekið til endurskoðunar eigi síðar en 1. október árið 2006.

Reikningsskilaaðferðir

2. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju, eftir kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til áhrifa verðlagsbreytinga. Við gerð ársreikningsins er tekið tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga á afkomu og efnahag félagsins. Þannig er rekstrarreikningi ætlað að sýna afkomu á meðalverðlagi en fjárhæðir í efnahagsreikningi eru á verðlagi í lok ársins. Miðað er við breytingu á neysluverðsvisitölu en hún hækkaði um 8,61% á árinu. Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir eru endurmetnir með því að framreikna upphaflegt stofnverð þeirra og afskriftir til ársloka 2001. Þeir varanlegu rekstrarfjármunir og þær óefnislegu eignir sem við bættust eða voru seldir eru endurmetnir miðað við eignarhaldstíma. Áhrif verðlagsbreytinga á peningalegar eignir og skuldir eins og þær voru í byrjun reikningsársins og á breytingu þeirra á árinu eru reiknuð og mynda reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga að fjárhæð kr. 552.924.028. Þessari fjárhæð er skipt milli vörunotkunar félagsins sem gjaldfærslu kr. 23.978.640 annars vegar og fjármagnsliða hins vegar sem tekjufærslu kr. 576.902.668. Endurmatshækkun varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga er færð í endurmatsreikning meðal eiginfjárliða í efnahagsreikningi.

Eignir og skuldir sem bundnar eru visitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag eða gengi í árslok. Aðrar reikningsskilaaðferðir sem snerta einstök efnisatriði ársreikningsins eru tilgreindar í skýringum hér á eftir.

Við lokauppgjör við Framkvæmdasýslu ríkisins vegna framkvæmda við nýbyggingu félagsins urðu breytingar á flokkun varanlegra rekstrarfjármuna. Samanburðartölum hefur verið breytt til samræmis.

Í desember 2001 voru gerðar breytingar á lögum um ársreikninga sem öðlast gildi 1. janúar 2002. Samkvæmt lögnum er gert ráð fyrir að félög hætti að taka tillit til áhrifa verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga þ.e. svokölluð verðbreytingafærsla og endurmat falli út. Í lögnum er bráðabirgðaákvæði þess efnis að félögunum sé heimilt að taka tillit til áhrifa almennra verðlagsbreytinga við gerð ársreikninga vegna reikningsára sem hefjast á árunum 2002 og 2003. Í reikningsskilum ársins 2001 er tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytinga. Ef það hefði ekki verið gert, hefði það haft eftirfarandi áhrif á hagnað ársins 2001. Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Tap samkvæmt rekstrarreikningi	(272.071)
Verðbreytingagjöld	(552.924)
Endurmat afskrifta	23.679
	<u>(801.316)</u>

Óefnislegar eignir

3. Viðskiptavild félagsins er afskrifuð um 10% árlega og greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	3.545.614.035
Afskrifað áður	<u>(88.640.351)</u>
Bókfært í ársbyrjun	3.456.973.684
Endurmat á árinu	282.438.597
Afskrifað á árinu	<u>(369.894.737)</u>
Bókfært verð í árslok	<u>3.369.517.544</u>



4. Meðal óefnislegra eigna er færð frestað skatteign að fjárhæð kr. 35.587.878. Hin frestaða skatteign stafar af mismun efnahagsliða í skattauppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar. Mismunurinn stafar af því að tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikninsskil þess. Vegna tapresturs á tímabilinu myndast inneign vegna frestaðs ónýtt yfirfærðs skattalegs taps sem félagið telur að unnt verði að nýta innan fyrningarfrests.

Breyting á frestaðri skatteign á árinu greinist þannig:

Tekjuskattskuldbinding í ársbyrjun	(43.544.810)
Breyting vegna lækkunar skattþreps	17.417.924
Tekjuskattur vegna ársins 2001	61.714.764
Frestað skatteign í árslok	<u>35.587.878</u>

Festað skatteign félagsins skiptist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

Varanlegir rekstrarfjármunir	(75.020.115)
Óefnislegar eignir	(59.118.758)
Aðrir liðir	2.852.530
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	<u>166.874.221</u>
	<u>35.587.878</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

5. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteignir	Land- göngubrýr	Bílastæði	Innréttingar og búnaður	Samtals
Stofnverð í ársbyrjun	4.984.042.050	149.522.804	293.361.579	179.590.531	5.606.516.964
Afskrifað áður	(20.714.943)	(460.026)	(4.256.612)	(3.219.585)	(28.651.166)
Bókfært verð í ársbyrjun	4.963.327.107	149.062.778	289.104.967	176.370.946	5.577.865.798
Endurmat á árinu	484.885.056	17.354.154	24.139.740	25.196.414	551.575.364
Viðbót á árinu	1.003.405.714	86.163.751	729.733	289.526.385	1.379.825.583
Afskrifað á árinu	(132.412.648)	(21.442.935)	(18.366.416)	(29.101.251)	(201.323.250)
Bókfært verð í árslok	<u>6.319.205.229</u>	<u>231.137.748</u>	<u>295.608.024</u>	<u>461.992.494</u>	<u>7.307.943.495</u>
Afskriftarhlutföll	2%	15%	8%	8 - 33%	

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af framreiknuðu kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu og færðar til gjalda á meðalverðlagi ársins. Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskrift varanlegra rekstrarfjármuna	201.323.250
Afskrift óefnislegra eigna sbr. skýringu 3	369.894.737
	<u>571.217.987</u>

6. Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttrygginga- mat	Bókfært verð
Fasteignir og bílastæði	7.111.054.000	8.206.095.010	6.845.951.001
Stjórnkerfi og innréttingar		799.152.000	461.992.494
	<u>7.111.054.000</u>	<u>9.005.247.010</u>	<u>7.307.943.495</u>



Birgðir

7. Vörubirgðir eru metnar við kostnaðarverði að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara og greinast þannig:

	2001	2000
Tæki	36.134.569	106.103.859
Snyrtivörur	67.934.844	83.713.573
Áfengi	40.080.965	53.772.292
Sælgæti	37.404.075	41.975.003
Tóbak	27.121.965	29.786.431
Ýmsar vörur	21.964.753	28.706.382
	<u>230.641.171</u>	<u>344.057.540</u>

Vátryggingamat birgða á reikningsskiladegi var 522,9 milljónir króna. Til samræmis við þá matsaðferð að meta ekki vörubirgðir á hærra verði en dagverði hafa birgðirnar verið færðar niður um 24,5 milljónir króna. Niðurfærslan er færð til hækkunar á kostnaðarverði seldra vara.

Skammtímakröfur

8. Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu kr. 15.847.389. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða, heldur er myndaður mótreykingur til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting niðurfærslu krafna á árinu greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	27.170.471
Tapaðar kröfur á árinu	(1.070.093)
Lækkun niðurfærslu á árinu	<u>(10.252.989)</u>
	<u>15.847.389</u>

Eigið fé

9. Hlutfé greinist þannig:

	Hlutfall	Fjárhæð
Heildarhlutfé í árslok	100,0%	2.500.000.000
	100,0%	2.500.000.000

Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Félagið var stofnað á árinu 2000 og var stofnandi þess aðeins einn, utanríkisráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins. Í árslok er íslenska ríkið eini hluthafinn í félaginu.

10. Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé í ársbyrjun	2.500.000.000	42.957.464	11.853.923	839.828.149
Endurmat fastafjármuna		834.014.564		
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga		(552.924.028)		
Tap ársins				(272.070.844)
	<u>2.500.000.000</u>	<u>324.048.000</u>	<u>11.853.923</u>	<u>567.757.305</u>

Eigið fé félagsins í ársbyrjun var 3.394,6 milljónir króna sem jafngildir 3.686,9 milljónum miðað við verðlag í árslok. Samkvæmt efnahagsreikningi er eigið fé 3.403,7 milljónir króna eða um 283,2 milljónum króna lægri fjárhæð en í ársbyrjun miðað við verðlag í árslok. Raunbreytingin greinist þannig í þúsundum króna:

	Samkvæmt ársreikningi	Á verðlagi 31. 12. 2001
Eigið fé í upphafi árs	3.394.639.536	3.686.904.447
Endurmat að viðbættri verðbreytingafærslu	281.090.536	
Tap ársins	(272.070.844)	(283.245.219)
	<u>3.403.659.228</u>	<u>3.403.659.228</u>



Skuldbindingar

11. Eftirlaunaskuldbinding félagsins var greidd með skuldabréfi þann 11. desember 2001. Skuldabréfið er til 20 ára og er að fjárhæð 509 milljónir um áramótin. Skuldabréfið ber 6% vexti. Með greiðslum og skuldabréfi hafa að fullu verið gerðar upp skuldbindingar félagsins við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins vegna lífeyrishækkana samkvæmt 33. gr. laga nr. 1/1997, sem myndast hafa vegna aðildar starfsmanna félagsins að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins til 30. september 2000.

12. Samkvæmt rekstrarleyfi félagsins skal það virða og uppfylla allar skuldbindingar á starfsviði og starfssvæði flugstöðvarinnar sem stjórnvöld hafa undirgengist og kunna að undirgangast og varða flugstöðina. Meðal annars er hér átt við stofnsamning Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, samþykktir Evrópusambands flugmálastjórna og skuldbindingar sem stjórnvöld hafa undirgengist vegna Schengen samstarfsins auk þjóðréttarlegra skuldbindinga Íslands er varða aðgengi innlendra og erlendra flugrekstraraðila að flugstöðinni.

Á ófriðartímum er félaginu skylt að veita varnarliði Bandaríkjanna á Keflavíkflugvelli aðgang að og afnot af flugstöðinni og í neyðartilvikum. Varnarmálaskrifstofa utanríkisráðuneytisins skal sjá um að hafa milligöngu um öll bein og óbein samskipti félagsins við varnarliðið.

Félaginu er og skylt að láta stjórnvöldum og eftirlitsaðilum endurgjaldslaust í té fullnægjandi aðstöðu til að sinna eftirliti og þjónustu við vopnaleit, gegnumlýsingu farangurs, tollgæslu og vegabréfaskoðunar. Félaginu er jafnframt skylt að hafa ávallt til staðar fullnægjandi tækjabúnað til þessa eftirlits og bera kostnað vegna tækjakaupa í samræmi við staðla og öryggiskröfur sem stjórnvöld setja á hverjum tíma.

Félagið er skuldbundið til að hafa í gildi allar lögboðnar tryggjar vegna flugstöðvarinnar þar með talin ábyrgðartrygging sem telst fullnægjandi að mati utanríkisráðuneytisins vegna þess tjóns sem rekstrarleyfishafi ber skaðabótaábyrgð á. Verðmæti þessarar tryggingar á reikningsskiladegi er 120 milljónir króna.

22 23

Langtímaskuldir

13. Yfirlit um langtímaskuldir:

	Vextir	Eftirstöðvar
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:		
Skuldir í USD	6,5%	6.053.557.064
Skuldir í íslenskum krónum	5 - 6,43%	3.386.983.796
Fært til lækkunar vegna seldra flughlaða		(725.547.950)
		<u>8.714.992.910</u>
Næsta árs afborganir langtímaskulda		(2.289.592.699)
Langtímaskuldir í árslok		<u>6.425.400.211</u>

14. Afborganir af langtímaskuldum félagsins í lok ársins greinast þannig á næstu ár:

Næsta árs afborganir	2.289.592.699
Afborganir 2003	14.526.584
Afborganir 2004	4.199.701.231
Afborganir 2005	1.762.558.273
Afborganir 2006	17.345.501
Afborganir síðar	431.268.622
	<u>8.714.992.910</u>

Búið er að semja um endurfjármögnun á meginhluta næsta árs afborgana félagsins eða um 2.275 milljónir króna. Undirritaður hefur verið lánasamningur við Norræna fjárfestingabankann með sjálfsskuldaábyrgð Lánasýslu ríkisins. Lánið mun verða til 15 ára. Frágangur þessarar skuldbreytinga er á lokastigi.



Skattamál

15. Ekki kemur til greiðslu tekjuskatts vegna yfirfæranlegs skattalegs taps, en það nemur 927,1 milljónum króna í árslok 2001. Ónýtt skattalegt tap nýttist til frádráttar hagnaði félagsins til ársins 2009.

Frá hagnaði ársins 2008	412.401.017
Frá hagnaði ársins 2009	514.677.989
	<u>927.079.006</u>

Önnur mál

16. Félagið hefur keypt rekstrarstöðvunartryggingu vegna bruna- og vatnstjóns og nemur bótafjárhæðin allt að 1.975.138 þúsundum króna.

17. Félagið hefur höfðað mál gegn Sandgerðisbæ fyrir Héraðsdómi Reykjaness vegna oftekinna fasteignagjalda á árunum 1998 - 2000. Krafa félagsins nemur 39,2 milljónum auk vaxta.

18. Aðrar tekjur greinast þannig:

	2001	2000
	Árið	1/10 - 31/12
Leigutekjur	602.411.317	181.172.575
Aðrar tekjur	16.694.552	72.475
	<u>619.105.869</u>	<u>181.245.050</u>

19. Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2001	2000
	Árið	1/10 - 31/12
Laun	384.764.409	87.662.927
Launatengd gjöld	77.340.606	14.892.089
	<u>462.105.015</u>	<u>102.555.016</u>
Meðalfjöldi starfa	128,67	122,35

Heildarlaun og þóknanir til stjórnenda félagsins á árinu 2001 námu 11,2 milljónum króna.

20. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

	Langtímalán	Annað	Samtals
Vaxtatekjur og verðbætur	<u>0</u>	<u>135.862.704</u>	<u>135.862.704</u>
Vaxtagjöld og verðbætur	(517.185.700)	(41.102.190)	(558.287.890)
Gengismunur	<u>(1.222.021.689)</u>	<u>(8.603.876)</u>	<u>(1.230.625.565)</u>
	<u>(1.739.207.389)</u>	<u>(49.706.066)</u>	<u>(1.788.913.455)</u>
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	<u>648.801.301</u>	<u>(71.898.633)</u>	<u>576.902.668</u>
	<u>(1.090.406.088)</u>	<u>14.258.006</u>	<u>(1.076.148.082)</u>

Kennitölur

21. Úr rekstrarreikningi

	2001	2000
	Árið	1/10 - 31/12
Hagnaður fyrir afskriftir / rekstrartekjur	30,67%	30,92%
Hagnaður af reglulegri starfsemi f. skatta / rekstrartekjur	(7,99%)	10,18%
Hagnaður ársins / rekstrartekjur	(6,39%)	6,38%
Arðsemi eigin fjár	(7,68%)	8,94%

22. Úr efnahagsreikningi

	31.12.2001	31.12.2000
Veltufjárhlutfall - veltufjármunir/skammtímaskuldir	0,67	0,77
Eiginfjárhlutfall - eigið fé/heildarfjármagn	27,20%	30,01%
Innra virði hlutafjár - eigið fé/hlutafé	1,36	1,36



ADDRESS BY THE CHAIRMAN OF THE BOARD



*Gísli Guðmundsson,
Chairman of the Board*

The year 2001 was the first full operating year of Leifur Eiriksson Air Terminal Ltd. (Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.). From an economic perspective, this has been a unique year. It marked a definite reverse in the trend which has characterized many recent years. Price and exchange rate developments in particular have left their

mark on both the economy and the performance of enterprises.

Like other enterprises in the travel industry, the company has had to struggle with problems arising from the drop in passenger traffic following the terrorist attacks on the US on 11th September 2001. The number of passengers using the airport dropped by 18% during the last four months of 2001 as compared to the same period in 2000. The greatest reduction was in the number of transit passengers, which was 32% lower than during the same period in 2000. The reduction in the number of passengers travelling to and from Iceland was considerably less, or around 13%. The year 2001 is the first year since 1988 which has seen a drop in passenger numbers over the previous year. In response to the downturn, personnel were further reduced and costs cut in various areas of airport operations, both in the property rental and retail departments. Issues concerning tenants have been resolved through various means.


A full 80% of the total number of passengers using the airport travel with Icelandair. The airline

has been forced to reduce its activities substantially. North Atlantic flights have been cut back significantly this winter and flights to Europe have also decreased in number. Icelandair's operating situation is a cause for major concern. All reductions in flight frequency have a decisive effect on the situation of Leifur Eiriksson Air Terminal Ltd. and the entities providing airport services. On the other hand, following the fall in the exchange rate for the Icelandic króna, it has generally become cheaper for foreign travellers to stay in Iceland. The outlook is for an increase in the number of foreign travellers visiting Iceland this year, especially from Europe. Marketing efforts abroad, on both sides of the Atlantic, have been stepped up in order to encourage the flow of visitors to Iceland. The campaign has already begun to show results in an increase in travellers and the outlook for the coming months is good in this regard.

In order to increase promotion of both the country and its people, the board of Leifur Eiriksson Air Terminal Ltd. decided last year to participate in an ambitious marketing campaign in the US, with the slogan Iceland Naturally. The promotion has already drawn extensive attention and indications for the future are good.

Price developments, exchange rate issues and the drop in passenger traffic during the latter part of the year have left a clear mark on the company's operations this past year. Despite this, income from retail sales did not decrease from that of the previous year. There was an increase in income from real estate. Earnings before depreciation and financial items increased over the previous year, amounting to ISK 1307 million in 2001 as compared to ISK 1278 in 2000.

The south terminal building was taken into service on 25th March 2001, the same day as the Schengen Treaty came into effect. To mark the occasion, and to strengthen security provision in the




airport, Leifur Eiriksson Air Terminal Ltd. and the Civil Aviation Organisation at the Keflavík Airport donated a special surveillance system to the Office of the District Commissioner at Keflavík Airport. The system is called “Face-it” and facilitates recognition by authorities of persons on police wanted lists who pass through the airport. Although the south building was taken into service in March, construction was far from complete. Conditions were difficult for the first few months, both for passengers and personnel. Thanks to the effective co-operation and goodwill of the parties involved, it was possible to maintain a relatively good level of service during the construction period. The common space and passenger handling areas were completed in the autumn. The next step is to finalise work on rental facilities for retail and restaurant operations in the south building.


